

Brjef Stjórnarráðsins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um takmörk verslunarlóðarinnar á Suðureyri í Súgandafirði. **39**
7. maí

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 17. f. m., hafa hingað borist tillögur sýslunefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu um takmörk verslunarlóðarinnar á Suðureyri í Súgandafirði, sem með lögum nr. 36, 5. desember 1899, varð löggiltur verslunarstaður, ásamt tillögum hreppsnefndar Suðureyrarhrepps viðvíkjandi hinni fyrirhuguðu verslunarlóð og upprætti af henni.

Út af þessu er hjermeð svæði það, sem reisa má á verslunarhús á Suðureyri, sett eftir framangreindum tillögum og upprætti sem hér segir:

Úr neðra girðingarhorni fyrir innan íshúsið og upp í efra girðingarhorn, þaðan bein lína í efri hafnarmerki og þaðan í neðri hafnarmerki og beina línu út til sjávar.

Jafnframt því að tjá yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framannefnda upprætti verði geymt með skjólum hlutaðeigandi hrepps, og hreppsnefndin láti setja og halda við á kostnað hreppssjóðs glöggum merkjum á takmörkum verslunarlóðarinnar.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Styrktarsjóð verkamanna- og sjómanna-fjelaganna í Reykjavík«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af fjármálaráðherra Íslands 16. 16. apríl 1920. **40**
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð verkamanna- og sjómanna-fjelaganna í Reykjavík.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Styrktarsjóður verkamanna- og sjómanna-fjelaganna í Reykjavík.

2. gr.

Við sölu botnvörpunga, er fram fór árið 1917 var það skilyrði af landsstjórnarinnar hendi fyrir samþykki sölunnar, að nokkru af söluverðinu yrði varið til bóta fyrir atvinnutjón handa fólki, sem atvinnu hefir haft af fiskiveiðum, á sjó og landi. Sjóðurinn er stofnaður af nokkrum hluta þessa fjár, samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Reykjavíkur 3. apríl 1909.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn kosnir til þriggja ára, í fyrsta sinni árið 1920; árið 1921 gengur eftir hlutkesti einn maður úr stjórninni og skal þá maður kosinn í hans stað til 3 ára. Árið 1922 gengur annar þeirra stjórnenda sjóðsins, er kosnir voru 1920 úr stjórninni eftir hlutkesti og skal þá kosinn í hans stað maður til 3 ára. Síðan gengur ár hvert sá stjórnandinn úr stjórninni, sem lokið hefir kjörtímabili sínu.

Kosning í stjórn sjóðsins skal fara fram í janúarmánuði ár hvert. Fulltrúaráð verka-lýðsfjelaganna í Reykjavík kys stjórnina.

40

Stjórnin skipar sjálf með sjer verkum.

16. apríl

Fari maður úr stjórn sjóðsins áður en kjörtími hans er liðinn, kýs fulltrúaráðið mann í hans stað fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi fjárhald sjóðsins, ávaxtar höfuðstól hans, hefir á hendi greiðslur úr honum og veitir móttöku fje, sem til sjóðsins rennur.

5. gr.

Stofnfje sjóðsins má aldrei skerða. Skal því svo og þeim hluta af tekjum hvers árs, er leggjast eiga við höfuðstól sjóðsins, varið til kaupa á ríkisskuldabryfum, veðdeildarbryfum eða öðrum álka tryggum verðbryfum að dómi stjórnarráðsins og höfuðstóll sjóðsins ávaxtaður á sama hátt.

Af ársvöxtum höfuðstólsins skal jafnan leggja við höfuðstólinn 10% — tíu af hundræði —. Af öðrum tekjum, er sjóðum kunna að hlotnast, skal einnig leggja 10% við höfuðstólinn. Ennfremur legst við höfuðstól sjóðsins það af tekjum hvers árs, sem ekki hefir verið útlutað fyrir áramót.

90% — níutíu af hundræði — af ársvöxtum höfuðstólsins og öðrum tekjum sjóðsins má árlega verja til styrktar fjelagsmönnum í sjómanna- og verkamannafjelögum (karla og kvenna) í Reykjavík, þeirra sem nú eru eða síðar kunna að verða stofnuð og sem eru í Alþýðusambandi Íslands, er þeir hafa orðið fyrir slysum eða heilsutjóni.

6. gr.

Styrk skal veita úr sjóðnum, er fje er fyrir hendi og umsóknir um styrk liggja fyrir, er ástæða þykir að taka til greina. Stjórn sjóðsins ræður styrkveitingum og skal hún við styrkveitingarnar taka tillit til heimilisástæðna umsækjanda, til þess, að hve miklu leyti slys það eða heilsutjón, sem hann hefir orðið fyrir, hefir rýrt vinnuhæfi hans og til þess, með hverjum atvikum hann varð fyrir slysinu eða heilsutjóninu, svo og þess, hvort honum er bætt tjón það, er hann þannig hefir orðið fyrir annarsstaðar að, að nokkru eða öllu leyti.

Sá, sem æskir styrks úr sjóðnum, er skyldur að láta stjórninni í tje allar þær upplýsingar, er að styrkveitingunni lúta, meðal annars upplýsingar um það, hvernig slys það, sem hann hefir orðið fyrir, hefir atvikast, svo og hvert tjón hann hefir beðið af því, og ennfremur sanna það með vottorði hlutaðeigandi fjelagsstjórnar, að hann njóti fullra fjelagsrjettinda í sjómanna- eða verkamannafjelagi í Reykjavík, sem er í Alþýðusambandi Íslands.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórnin skal hafa fullgert reikning sjóðsins fyrir hvert umliðið ár fyrir 20. dag janúarmánaðar. Afrit af ársreikningnum og skýrslu stjórnarinnar um starfsemi sjóðsins skal senda bæjarstjórn Reykjavíkur og stjórnarráði Íslands.

Reikningurinn skal endurskoðaður af tveim mönnum, kýs fulltrúaráð verkalýðsfjelaganna í Reykjavík annan, en bæjarstjórn Reykjavíkur hiun, og skulu þeir kosnir til eins árs í senn. Fulltrúaráð verkalýðsfjelaganna leggur samþykki á ársreikninginn.

Reikninginn skal birta í B-deild stjórnartíðindanna.

Jón Baldvinsson

Olafur Lárusson

Sigurjón A. Olafsson.